

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu dauð og ómerk. Stefnd, bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Gunnars Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Stefnandinn, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 100.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, 5 daga varðhald.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. marz 1945.

Nr. 135/1944. **Stjórnarnefnd ríkisspítalanna**

(Sigurður Ólason)

gegn

**Hvammshreppi** (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Hreppsfélag krafði um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli.

#### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. 1944 og krafizt þess, að stefndi, Hvammshreppur í Dalasýslu, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 3937.80 með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi, Hvammshreppur, hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Þá hefur áfrýjandi og stefnt Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu til réttargæzlu, en ekki gert neinar kröfur á hendur honum. Fyrirsvarsmáður Fellsstrandarhrepps hér fyrir dómi hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi, Hvammshreppur, ráðstafaði ekki sjúklingi þeim, er í málinu greinir, til dvalar á geðveikrahælinu á Kleppi, og ber hann því ekki af þeim sökum ábyrgð á greiðslu vistgjalds þess, sem í málinu er krafizt.

Fyrirsvarsmann Hvammshrepps annars vegar og fyrir-

svarsmann Fellsstrandarhrepps og áfrýjanda hins vegar greinir á um það, hvernig skýra skuli 13. gr. laga nr. 52/1940, en á því veltur, hvort skylda til meðlagsgreiðslu með sjúklingi þessum hvílir á Hvammshreppi eða Fellsstrandarhreppi. Þar sem hér er raunverulega ágreiningur milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu, sem stjórnvöld þau, er greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940 hafa enn ekki lagt úrskurð á, þá ber að sýkna stefnda, Hvammshrepp, að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

**Því dæmist rétt vera:**

Stefndi, Hvammshreppur, á að vera sýkn að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1944.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur skrifstofa ríkisspítalanna, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útfinni 3. júní s. l. gegn hreppsnefnd Hvammshrepps í Dalasýslu vegna hreppsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3937.80 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 538.68 frá 1. janúar 1941, af kr. 874.59 frá 1. janúar 1942, af kr. 1125.32 frá 1. janúar 1943 og af kr. 1402.21 frá 1. janúar 1944, öllum til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu hefur f. h. hreppsins verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu.

Stefnd hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Árin 1910—1916 bjuggu hjónin Tryggvi Gunnarsson og Halldóra Einarsdóttir að Rauðbarðaholti í Hvammshreppi. Vorið 1916 brá Tryggvi búi vegna vanheilsu (geðveiki konu sinnar) og fluttist ásamt börnum sínum til Skoravíkur í Fellsstrandarhreppi, en kona hans var á ferðalagi fram eftir sumrinu, þar til hún settist að hjá foreldrum sínum, er voru þurrabúðarfólk í Bildsey á Breiðafirði, og um haustið ól hún þar dóttur, er nefnist Soffia. Hinn 5. marz 1933 ráðstafaði hreppsnefndin í Fellsstrandarhreppi Soffiu þessari á geðveikrahælið að Kleppi, og hefur hún dvalizt þar síðan. Hinn 28. marz 1934 kvað sýslumaðurinn í Dalasýslu upp úrskurð um sveitfesti Soffiu eftir kröfu oddvita Fellsstrandar-

hrepps, og var niðurstaða hans á þá leið, að Hvammshreppur var talinn framfærslusveit hennar, og byggðist það á því, að lögheimili móður hennar var síðast skráð í þeim hreppi, áður en Soffa fæddist. Var úrskurður þessi staðfestur af stjórnarráðinu hinn 11. marz 1935. Eftir að framfærslulögin nr. 135 frá 1935 tóku gildi, óskuðu oddvitar fyrrgreindra hreppa úrskurðar um sveitfesti Soffiu. Varð úrskurður sýslumannsins á þá leið, að Hvammshreppur skyldi eftir sem áður talinn framfærslusveit hennar, og staðfesti stjórnarráðið þann úrskurð hinn 27. maí 1937. Hinn 28. marz 1938 var þess enn farið á leit af hálfu Hvammshrepps, að málið yrði tekið upp af nýju, og lagði stjórnarráðið fyrir sýslumanninn með bréfi dags. 26. ágúst s. á. að úrskurða í málinu á ný. Með úrskurði sýslumanns, uppkveðnum hinn 15. apríl 1939, var framfærsluskylda í þessum efnum lögð á Fellsstrandarhrepp frá þeim degi, er stjórnarráðið lagði málið síðast fyrir sýslumann. Byggðist sá úrskurður á því, að talið var, að Hella í Fellsstrandarhreppi hefði verið lögheimili Soffiu og Fellsstrandarhreppur síðasta heimilisveit hennar, áður en sjúkrahússvist hennar hófst. Hinn 15. júlí s. á. skaut oddviti Hvammshrepps úrskurði þessum til stjórnarráðsins og krafðist þess, að Fellsstrandarhreppi yrði gert að endurgreiða framfærslukostnað sjúklingsins frá 1. janúar 1936, en þar eð áfrýjunarfrestur samkvæmt 78. gr. þágildandi framfærslulaga (6 vikur) var þá liðinn, var erindinu ekki sinnt. Hinn 12. febrúar 1940 gengu í gildi ný framfærslulög nr. 52 frá 1940, og taldi hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps þau fella niður skyldu þess hrepps til framfærslu Soffiu og hætti því greiðslu vistgjalds fyrir hana. Stefnandi kveðst síðan árangurslaust hafa krafist báða hreppana um greiðslu, og telur nú að Hvammshreppi beri skylda til framfærslu sjúklingsins og hefur því stefnt honum í máli þessu.

Stefnandi styður dómkröfur sínar við það, að samkvæmt lögum nr. 135 hafi sú sveit, sem styrkþegi átti lögheimili í, er honum var ráðstafað í sjúkrahús, borið framfærsluskylduna, en með 13. gr. laga nr. 52 frá 1940 hafi þessu verið breytt í hið sama horf og áður var, þ. e. að framfærsluskyldan hvildi á því sveitarfélagi, sem styrkþegi átti framfærslusveit í, er honum var ráðstafað, eins og fyrr greinir. Nú hafi Hvammshreppur verið framfærslusveit margnefndrar Soffiu, er þannig stóð á, samkvæmt úrskurðum þeim frá 1934 og 1935, er að framan greinir, og beri stefndri því að sjá um greiðslu vistgjaldsins frá gildistöku laganna nr. 52 frá 1940.

Stefnd byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 12. og 13. gr. framfærslulaga nr. 52 frá 1940 sé Fellsstrandarhreppur framfærslusveit nefndrar Soffiu, enda liggi fyrir um það lögmætur úrskurður, uppkveðinn af réttum aðilja, og þeim úrskurði hafi eigi verið áfrýjað, og er þar átt við fyrrgreindan úrskurð sýslumannsins í Dalasýslu, uppkveðinn 15. apríl 1939. Enn fremur hefur stefnd

haldið því fram, að samkvæmt 68. gr. sbr. 80. gr., 2. mgr., sömu laga eigi Fellsstrandarhreppur að kosta framfærslu Soffiu, þar eð sú sveit hafi ráðstafað henni til dvalar hér. Varði Hvamshrepp því mál þetta engu.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þar á meðal hinum óhaggaða úrskurði sýslumannsins í Dalasýslu frá 15. apríl 1939, verður eigi annað séð en að fyrrnefnd Soffa hafi samkvæmt ákvæðum 12. sbr. 13. gr. framfærslulaganna nr. 52 1940, átt framfærslusveit í Fellsstrandarhreppi, er hún varð styrkþegi, og þykir því ekki að svo vöxnu máli unnt að taka dómkröfur stefnanda til greina gagnvart hinu stefnda hreppsfélagi.

Verður sýknukrafa stefnds því tekin til greina, en eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Hreppsnefnd Hvamshrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, skrifstofu rikisspitalanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 19/1945. **Hálf dán Magnússon**

gegn

**Þorgerði Magnúsdóttur.**

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hálf dán Magnússon, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.